

Landsvirkjun

Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík · Iceland
landsvirkjun.is

landsvirkjun@lv.is
Sími/Tel: +354 515 90 00
Fax: +354 515 90 07

Alþingi
Erindi nr. P 139/2039
komudagur 15.4.2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15.04.2011
Tilvísun vor: 98.11

Efni: **Umsögn Landsvirkjunar um tillögu til þingsályktunar um ferðamálaáætlun 2011-2020, þskj. 758 – 467. mál**

Að beiðni Alþingis er hér með látin í té neðangreind umsögn Landsvirkjunar um tillögu til þingsályktunar um ferðamálaáætlun 2011-2020, þskj. 758 – 467. mál, sem lögð hefur verið fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010 - 2011.

Landsvirkjun tekur í meginatriðum undir efni tillögunnar og telur hana jákvætt skref í mótun stefnu í ferðamálum.


Landsvirkjun tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í tillögunni um að uppbygging innviða ferðaþjónustunnar skuli miða að því að vernda náttúru Íslands og innleiða hugarfar sjálfbærni og ábyrgðar á náttúru og menningu.

Landsvirkjun vill benda á þau tækifæri sem felast í ferðamennsku tengdri orkuvinnslu og orkusýningum þar sem ferðamenn geta upplifað og kynnt sér orkuvinnslu úr endurnýjanlegum orkugjöfum. Nú þegar heimsækja um 120.000 ferðamenn árlega virkjanir og gestastofur þeim tengdum á vegum Landsvirkjunar og annarra orkufyrirtækja. Miklir möguleikar eru til staðar um þróun þeirrar starfsemi orkufyrirtækja enn frekar í samstarfi við ferðamálayfirvöld, sveitarstjórnir og áhugaaðila.

Orkusýningar þar sem ferðamenn geta upplifað og kynnt sér orkuvinnslu úr endurnýjanlegum orkugjöfum felur einnig í sér tækifæri til að þróa ferðaþjónustu utan hefðbundins háannatíma. Stefnt er að opnun gestastofu í Búrfellsvirkjun sumarið 2011 en mikil eftirspurn er meðal erlendra ferðamanna að heimsækja virkjanir fyrirtækisins og kynna sér starfsemi þeirra, bæði vatnsafls og gufuafls.

Með nýjum virkjunum opnast iðulega möguleikar fyrir almenning að komast á staði og landsvæði sem áður hefur verið erfitt að komast til. Landsvirkjun telur að í slíkum kostum felist því mörg góð tækifæri fyrir ferðaþjónustuna og að góðir möguleikar eigi að geta skapast um náð samstarf orkufyrirtækja og ferðaþjónustuaðila sem nýst geti ferðfólki og þjóðinni allri með jákvæðum hætti til frambúðar. Ferðamálaáætlun er vissulega gott skref til að taka á þessum málum með heildstæðum hætti.

Virðingarfyllt


Hörður Arnarson
forstjóri